

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

-Lærdómssamfélagið í skólum í Austur Húnavatnssýslu-



UMS-53

2021-2022

Nafn skóla: Höfðaskóli, Barnaból, Blönduskóli, Barnabær, Húnavallaskóli og Vallaból

Nafn verkefnisins: Lærdómssamfélagið í skólum í Austur Húnavatnssýslu

Nafn verkefnisstjóra: Þórdís Hauksdóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-53 2021-2022

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn: Markmiðið var að skapa menningu sem hvetti og viðhélldi stöðugu námi starfsfólks leik- og grunnskóla í Austur Húnavatnssýslu til að efla nám nemenda. Efla faglegt samstarf, starfþróun og gagnvirk nám, skapa menningu sem styddi við samstarf. Efla frekari teymiskennslu sem hafði verið að festa sig í sessi í grunnskólunum en fyrir höfðu grunnskólarnir tekið þátt í tveggja ára þróunarverkefni um teymiskennslu undir leiðsögn Ingvars Sigurgeirssonar.

Markmiðið var einnig að efla samstarf á milli leik- og grunnskóla í sýslunni með því að fara saman í þróunarverkefni.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:



Samið var við Önnu Kristínu Sigurðardóttur prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um að leiða verkefnið í skólunum.

Þann 16 ágúst 2021 var haldið hálf dagsnámskeið (fyrri hluti) á TEAMS fyrir allt starfsfólk í leik- og grunnskólum í Austur Húnavatnssýslu. Síðari hluti námskeiðs var haldinn 6. október í

Blönduskóla en þá gátu starfsmenn leik- og grunnskóla í Austur Húnavatnssýslu komið saman eftir langan tíma.

Starfsmenn skólanna völdu sig saman í hópa eftir áhugasviði, þvert á skóla og skólastig og valdir voru tengiliðir/hópstjórar. Tengiliðir hittust allir einu sinni í mánuði í fjarfundum með Önnu Kristínu og fengu handleiðslu og þjálfun í að halda utan um hópana og verkefnið. Hóparnir hittust reglulega og voru þá með leiðbeiningar frá Önnu Kristínu. Anna Kristín fundaði með starfsfólki skólana í janúar/febrúar til að taka stöðuna í hverjum skóla fyrir sig.

Þann 27. apríl var haldin lokahátíð á Húnavöllum þar sem þátttakendur sýndu afrakstur vetrarins en hóparnir lögðu meðal annars áherslu á mál og læsi, stærðfræði, upplýsingatækni, teymiskennslu og lýðheilsu og upplýsingamennt.

